

FORSETA BRÉF

um kosningar til Alþingis.

85

12. ágúst

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:*

Þar sem ég hef með bréfi, dagsettu í dag, rofið Alþingi, mæli ég svo fyrir, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram 23. október 1949 og tvo næstu daga að því leyti, sem ákveðið verður í lögum.

*Gjört í Reykjavík, 12. ágúst 1949.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.***AUGLÝSING**

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar.

86

20. júlí

Hinn 16. júní 1949 var gert samkomulag milli íslenzkrar samninganefndar og sænskrar um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar, var bókun um samkomulagið undirrituð 15. júlí.

Samkvæmt samkomulaginu munu Svíar veita innflutningsleyfi fyrir saltsild, sykursaltaðri sild og kryddsild frá Íslandi innan takmarka áætlunar Svía um innflutning sildar að svo miklu leyti, sem samkomulag næst milli íslenzkra útflytjenda og sænskra innflytjenda sildar, og enn fremur fyrir öðrum íslenzkum vörum, eins og hrognum og kjöti á sama hátt og undanfarin ár. Innflutningsleyfi fyrir sænskum vörum til Íslands munu fara eftir því vörumagni, er Svíar kaupa af Íslendingum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 20. júlí 1949.***Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.***AUGLÝSING**

um framlengingu gengistryggingarsamnings milli Íslands og Frakklands.

87

19. ágúst

Hinn 9. ágúst 1949 skiptust sendiráð Íslands í París og utanríkisráðuneyti Frakklands á orðsendingum, varðandi framlengingu á gengistryggingu þeirri, er felst í íslenzk-franska viðskiptasamkomulaginu frá 25. júní 1948, sbr. auglýsingu nr. 32 30. marz 1949.

Gengistryggingin er framlengd til 30. desember 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 19. ágúst 1949.***Bjarni Benediktsson.**

Hans G. Andersen.